

Sb.

395. Tillaga til bingsályktunar

[204. mál]

um niðurfellingu og lækkun leyfisgjalda af litlum bifreiðum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Gunnlaugur Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún felli niður og lækki leyfisgjöld af litlum fólksbifreiðum. Af bifreiðum, sem í eru vélar með rúmmál sprengirýmis minna en 1 600 rúmsentimetra, verði 50% leyfisgjald alveg fellt niður, og lækkað um 25% af bifreiðum með vélar þar sem sprengirými er 1601—3000 rúmsentimetrar. Af bifreiðum með stærri vélar verði gjöld óbreytt.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegar eru miklar hækkanir á bensíni. Þær munu auka útgjöld hjóðarinnar um tugi milljarða króna á næstu mánuðum og árum. Til að auðvelda og hvetja til almenns sparnaðar í bensínnotkun er eðlilegt að gera almenningi hægara en nú er að eignast litlar og sparneytnar bifreiðar. Með því að lækka og fella niður leyfisgjöld af litlum fólksbifreiðum getur ríkisvaldið stuðlað að óbeinum og beinum sparnaði og komið til móts við almenning í tilraunum hans til að spara.

Ríkið hefur gífurlegar tekiur af innflutningi fólksbifreiða og rekstri þeirra. Niðurfelling og lækkun leyfisgjalds mundi í engu skerða tekiur ríkisins af söluskatti, og bensínsparnaður mundi vafalaust veða upp á móti tekjutani, sem af þessari ráðstöfun mundi leiða. Með þessu eru engar hömlur settar á innflutning stórra fólksbifreiða, en þó þarf að greiða fyrir þær hlutfallslega hærra verð en litla bíla. Þetta getur varla talist óeðlileg ráðstöfun miðað við þær aðstæður, sem nú ríkja.

Um áhrif niðurfellingar og lækkunar leyfisgjalda verða nú nefnd tvö dæmi. Í fyrra tilvikinu er dæmi um bifreið, sem í er vél með minna sprengirými en 1 600 rúmsentimetra. Bíll af þessari gerð, sem kostar frá framleiðanda 2 985 dollara, eða 960 þúsund íslenskar krónur (samkvæmt gengi dollara 23. febr. 1979), kostar kominn á götu í Reykjavík 3 440 000 kr., en þá er ryðvörn ekki talin með. Tekjurnar, sem ríkið fær af bifreiðinni, eru þessar: Tollur 982 þús. kr., leyfisgjald 546 þús. kr. og söluskattur 457 þús. kr. Til ríkisins renna því samtals 1 985 000 kr. Ef leyfisgjaldið yrði fellt niður, yrði verð til kaupanda í Reykjavík 2 894 000 kr.

Ef tekið er dæmi um bíl með vél, sem hefur sprengirými á bilinu 1601 til 3000 rúmsentimetra, lítur það þannig út: Frá framleiðanda kostar bíllinn 5 000 dollara, eða 1 606 000 kr. Til kaupanda í Reykjavík yrði verðið 5 432 000 kr. fyrir utan ryðvörn. Tekjur ríkisins af þessari bifreið eru þessar: Tollur 1 578 000 kr., leyfisgjald 876 000 kr. og söluskattur 747 000 kr. Til ríkisins renna því samtals 3 201 000 kr. Ef leyfisgjaldið af þessari tegund yrði lækkað um 25%, yrði verð bifreiðarinnar um 5 000 000 kr.

Í öðrum stærðarflokkum yrði engin breyting, en sérstaka könnun yrði að gera á atvinnubílum, t. d. sendiferðabílum, þar sem rúmtak véla fer eftir burðarþoli.

Í lækkunarátt mætti jafnvel ganga enn lengra. Það er trú flutningsmanna þessarar tillögu, að þetta fyrirkomulag mundi fljótlega skila arði með minni bensíneyðslu. Af augljósum ástæðum þyrfti mál þetta að fá skjótan framgang.